



Tilmæli 10/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1708/velfærd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	A 1708/velfærd: Nefndartillaga um aukinn hreyfanleika fólks með fötlun á Norðurlöndum

Aukinn hreyfanleiki fólks með fötlun á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 27. júní 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggi að starfsfólk hjá lykilaðilum, t.a.m. Halló Norðurlöndum, Nordplus og alþjóðaskrifstofum æðri menntastofnana, sé fært um að aðstoða og svara spurningum einstaklinga með fötlun í þeim tilgangi að greiða för þeirra. Norrænn tengiliður gæti t.d. upplýst um réttindi sem eiga við um hreyfanleika og hvert einstaklingar eigi að snúa sér varðandi m.a. húsnæði, aðstoð og fjárstyrki;

að hún tryggi að norrænar vefsíður séu aðgengilegar einstaklingum með sérþarfir og að þeir geti nýtt sér stafrænan vettvang Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal vefsíður Halló Norðurlanda, stofnana ráðherranefndarinnar og annarra norrænna stofnana;

að hún leggi fram skýrslu um norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun á þingi Norðurlandaráðs 2017.

Kaupmannahöfn, 4. júlí 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs